

Leikur af tölum frá Þríbrautinni á Seltjarnarnesi - Eftir Hartmann Bragason

Gefið af Rémi Spilliaert
mánudagur, 02 júní 2008
Síðast uppfært mánudagur, 02 júní 2008

Leikur að tölum frá Hálf-ólympísku þríbrautinni á Nesinu, 2008

-- Áhrif skiptitímans og aldurs á heildarúrslit Í kópavogspríbrautinn árið 2006 komst ég svo að orði á þessari vefsíðu: Áður... vil ég geta þess að röðin í úrslitunum þar sem ég var nokkuð aftan við miðju, gaf ekki alveg rétta mynd af frammistöðu minni nema mér vilji telja það til afreksverka að vera fljótur að snara sér fram úr rúminu á morgnana og hysja upp um sig brækurnar. Ég sem sagt tapaði amk fjórum mínútum á því að hafa ekki æft mig sérstaklega í þessari morgunleikfimi svo það er ekki neinum öðrum að kenna en sjálfum mér þó það hafi kostað mig sjálfsagt ein þrjú til fjögur sæti á topp tíu listanum. Ég hét því að bæta mig í rúmleikfiminu en eins og oft vill verða endurtekur sagan sig. Ég ákvað því að kanna hvort ég væri sá eini sem ætti við þetta vandamál að stríða. Ég umreiknaði þess vegna öll úrslitin úr hálf-ólympísku þríbrautinni á Nesinu, sl. Sunnudag með því að draga skiptitímann frá öllum heildartímum: Heildartíminn sem ég gef mér er þess vegna samanlagður tími úr sundinu, hjólreiðunum og hlaupinu og ekkert þar fyrir utan. Á töflunni hér að neðan birtist niðurstaðan af þeim útreikningi: Talan í fremsta dálk stendur fyrir röð manna eftir umbreytingarnar og talan innan sviga er raunveruleg röð manna á listanum með skiptitíma.

Úrslit karla að frádregnum skiptitíma***

Sæti
Nafn
f.ár
sund
nett hjól
net hlaup
Heildartími
Aldursáhrif

1 (1)
Torben
74
0:10:42
0:33:54
0:19:24
1:04:00
-1

2 (3)
Hákon
74
0:13:48
0:32:13
0:19:46
1:06:12
-1

3 (2)
Steinn
68
0:10:10
0:38:17
0:18:09
1:06:38
-3

4 (4)
Bruce
76
0:11:14
0:36:18
0:19:26
1:06:58
-1

5 (5)
Jón
63
0:10:09
0:43:56
0:21:20
1:15:25
-4

6 (6)
Sveinb
80
0:14:46
0:40:21
0:21:05
1:16:12
0

7 (7)
Birgir
82
0:12:09
0:41:19
0:23:20
1:16:48
0

8 (10)
Hartmann
54
0:13:38
0:42:00
0:22:50
1:18:28
-5

9 (9)
Bjarki Þorleifs
77
0:12:35
0:43:05
0:23:33
1:19:13
-1

10 (8)
Bjarki Þórarins
83
0:14:43

0:42:03
0:23:03
1:19:49
0

11 (11)
Ómar
80
0:14:48
0:44:45
0:23:30
1:22:12
0

12 (12)
Stefán
80
0:16:27
0:49:35
0:24:10
1:30:12
0

Tórben verður ekki haggæð úr 1. Sæti eins og við komumst betur að síðar. Hákon færir úr 3. Sæti í 2. Og Steinn fellur úr 2. Sæti í 1. Sætaröð 4. 5. 6. Og 7. Manns er óbreytt. Hartmann færir úr 10. Sæti í 8. Sæti. 8. Og 9. Sæti hafa einnig stólaskipti. 11. Og 12. Sæti er óbreytt. Ég verð að viðurkenna að það fer betur um mig í 8. Sæti eftir slíkar hræringar þó ég geti fallist á að það geti verið þessum umhleyplingum á meðal sessunauta minna á hvorn veginn sem er. Ég lét ekki hér við sitja og hugsaði með mér að liðin væri sú tíð að ungdóminum var samt að rísa úr sæti fyrir hinum eldri og ráðsettu. Ég tók mig því til og samdi þumalputtara hvaða sess eða virðingarröð hver og einn keppandi ætti að hljóta með tilliti til aldurs og frammi-stöðu í hálf-ólympísku keppinni. Orðum ég áætlaði aldurstengd áhrif á frammistöðu allra þáttakenda, þ.e. ég flokkaði hvaða sæti í vinningsröðinni hver og einn hefði hlotið eftir að aldurstengd áhrif höfðu verið dregin frá. Ég bætti svo niðurstöðunum við heildartímann að frádregnum skiptitímanum útbjó aldursstuðul sem ég tel að geti verið lægsti samnefnari eða stuðull sem allir aldursflokkar ættu að geta fallist á. Þannig áætlaði ég að ungir menn á aldrinum 19-29, sem fæddir eru á árunum 1979-1989, séu að öllu jöfnu á hápunkti íþróttuferils síns hvað líkamlega getu snertir. Það byggir ég á að yfirgnæfandi fjöldi manna í afreksíþróttum eru á þessum aldri. Frá þeim aldri áætlaði ég að á fimm ára fresti dragi um eina mínútu frá heildarárangri manna í hálf-ólympískri þríbraut. Þannig lítur aldurstafan út samkvæmt þessum útreikningum: 19-29 ára = 030-35 ára = 135-40 ára = 240-45 ára = 345-50 ára = 450-55 ára = 500-60 ára. Á aldurstöflunni hér að ofan hef ég bætt við einum dálki þar sem í kemur aldursstuðullinn við hvern aldursflokk samkvæmt fæðingarári hvers og eins sem er uppgæfið. Á næstu töflu hér að neðan kemur svo heildartíminn út eftir að ég hef dregin hin aldurstengdu áhrif frá hverjum aldursflokki. Ég er með öðrum orðum að velta fyrir mér hver úrslitin hefðu orðið ef allir keppendur sætu við sama borð hvað aldur snertir, í þessu tilviki miðað við hámarksgetu 19-29 ára manna:

Úrslit karla að frádregnum skiptitíma og aldurstengdum áhrifum

Sæti
Nafn
f.ár
sund
nett hjól
net hlaup
Heildartími
Aldursáhrif
Aldurstími

1/1/01

Torben
74
0:10:42
0:33:54
0:19:24
1:04:00
-1
1:03:00

2/3/02
Steinn
68
0:10:10
0:38:17
0:18:09
1:06:38
-3
1:03:38

3/2/03
Hákon
74
0:13:48
0:32:13
0:19:46
1:06:12
-1
1:05:12

4/4/04
Bruce
76
0:11:14
0:36:18
0:19:26
1:06:58
-1
1:05:58

5/5/05
Jón Hugji
63
0:10:09
0:43:56
0:21:20
1:15:25
-4
1:11:58

6/8/10
Hartmann
54
0:13:38
0:42:00
0:22:50
1:18:28
-5
1:13:28

7/6/06
Sveinbjör
80
0:14:46
0:40:21
0:21:05
1:16:12
0
1:16:12

8/7/07
Birgir
82
0:12:09
0:41:19
0:23:20
1:16:48
0
1:16:48

9/9/09
Bjarki Þorleifs
77
0:12:35
0:43:05
0:23:33
1:19:13
-1
1:18:13

10/10/08
Bjarki Þórarins
83
0:14:43
0:42:03
0:23:03
1:19:49
0
1:19:48

11/11/11
Ómar
80
0:14:48
0:44:45
0:23:30
1:22:12
0
1:22:12

12/12/12
Stefán
80
0:16:27
0:49:35
0:24:10
1:30:12
0
1:30:12

Eins og vænta mátti hafa hér orðið talverðar tilfæringar. Torben bætir tíma sinn um eina mínútu og situr sem fastast í 1. Sæti (hann er líklega orðinn leiður á 2. sætinu). Steinn færast aftur upp í 2. Sæti og er nú aðeins 38 sek á eftir Torben þar sem Steinn er færast á 68. Hákon er aftur kominn á sinn rétta stall frá byrjun. Bruce er áfram í 4. Sæti og einnig Jón Hugi í 5ta sæti. Jón hefur saxað þrjár mínútur á tíma Bruce án þess að komast með tærnar þar sem hann hefur hælana. Hartmann er hástökkvarinn í þessum loftfimleikum því að eftir að hafa færst úr 10-unda sæti í það 8-unda með afnámi skiptitímans, færast hann núna upp í 6-tíma sæti. Munar þar mestu að hann fær fimm mínútur í frádrátt í sína forgjöf enda fæddur 54. Hinir þátttakendurnir með lakari heildartíma færast neðar sem því nemur. Sveinbjörn og Birgir verða því í 7. Og 8. Sæti en voru áður í 6. Og 7. Bjarki Þorleifsson er áfram í 9. Sæti. Bjarki Þorleifsson hefur færst úr 8. Sæti í það 10 en Ómar og Stefán eru áfram í 11. Til 12 sæti.

Umræður Ýmislegt er við þessar vangaveltur að athuga eins og gefur að skilja. Í fyrsta lagi sitja allir við sama borð hvað áhræringar skiptitímans. Það er m.ö.o. mitt vandamál ef ég er lengi að skipta um föt. Ef afnema ætti skiptitíman fá þeir sem taka sér lengri skiptitíma meiri hvíld sem gefur þeim visst forskot. Í öðru lagi má ætla að þeir sem nota smelluskó hafi eitthvert forskot í hjólréið þá sem nota enga slíka skó. Með því að afnema skiptitímans er verið að koma í veg fyrir að hægt sé að rétta hlut hinna sem nota smelluskó við hjólréið og við hlaupin. Þeir þurfa eðlilega styttri skiptitíma en hinir sem þurfa að skipta um skó. Á móti þeir spyrja hvers vegna er verið að bæta tíma við keppnisúrslitin sem á ekkert skylt við keppnisgreinarnar? Er þá ekki verið að mæla meta eitthvað annað en það sem til stendur? Hvað er þá hægt að grípa til ráðs þannig að öllu jafnrétti sé fullnægt án þess að blanda óskyldum hlutum eins og skiptitímanum inn í frammistöðu manna í þríþraut? Ég tel að úr þessu mætti bæta með því að gera að tveimur mínútum til þess að skipta úr einni grein yfir í aðra. Klukkan er þá stöðvuð nákvæmlega á þeim tíma sem keppandi lýkur eina grein og er sett aftur af stað eftir tvær mínútur. Þá getur keppandinn haldið áfram með næstu keppnisgrein. Þurfi keppandi lengri tíma en það til skiptanna, sem er harla ólíklegt, þá mætti bæta refsitíma við hann sem umfram tíma hans nemur. Sá hængingur á þessari lausn að hún er ekki í samræmi við alþjóðlegar reglur þríþrautarsambandsins ef menn vilja taka sig hátíðlega. Auk þess þrátt fyrir allt talsverð spennu fólgin í að vera sem fljótastur í því að "hysja upp um sig brækurnar". Niðurstaða mín er væri gott að vera laus við bannsettan skiptitímans en það er hægt að búa við hann. Varðandi aldursáhrifin þá er það ólöglegt að líkaminn hrörnar með aldrinum. Hins vegar er aldur afstæður í ýmsum keppnisgreinum, þar sem aukin keppnisreynsla seigla og úthald bætist við með aldrinum upp að vissu marki. Þetta á sérstaklega við í þólgreinum eins og langhlaupum og þríþraut. Það sýnir sig líka að fimm fyrstu keppendurnir eru allir komnir yfir þrítugt. Líklega þyrfti ég að endurskoða aldurslistann og gefa yfirmönnum 1 mínútu í aldurstengda forgjöf sem getur flækt málin. Gróf meðaltöl gefa auk þess helst rétta mynd af hópnum en hver einstaklingur getur vikið frá meðaltalinu sem jafnast út yfir heildina. Ég vil árétta í lokin að menn skuli taka hæfilega alvarlega þær reikningskúnstir sem ég hef viðhaft en vera jafnframt vakandi yfir takmörkunum sem reglurnar setja okkur. ***Ég biðst velvirðingar á því að ég hef ekki gefið mér tíma tíma til þess að gera sams konar könnun í kvennaflokkinum sem vissulega myndi auka vægi hennar.